



25. júní 2026
Tilv.: 2606160

Ívera ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur

Efni: Staðfesting viðauka við grunnlýsingu Íveru ehf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur yfirfarið viðauka við grunnlýsingu Íveru ehf. Yfirferð fjármálaeftirlitsins er gerð með tilliti til laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (llv.) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. Athugun fjármálaeftirlitsins á fyrrnefndum viðauka er nú lokið.

Með vísan til 3. mgr. 5. gr. llv. staðfestir fjármálaeftirlitið viðauka, dags. 25. júní 2026, við grunnlýsingu, Íveru ehf., dags. 10. febrúar 2026.

Gjaldskrá Seðlabanka Íslands vegna verkefna sem tengjast fjármálaeftirliti gildir um yfirferð fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 6. gr. llv. Reikningur verður sendur innan skamms.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Aðalsteinn Eymundsson
forstöðumaður
háttsemiseftirlit

Ásmundur Ingvi Ólason
sérfræðingur í lýsingum
háttsemiseftirlit

